

Myndbandið “Bændur eru alltaf í vinnunni (og geta næstum allt)”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- að vera bóndi er ekki “bara einhver vinna”
- bændur eru alltaf “á vakt”
- það þarf líka að sinna dýrunum um helgar og á rauðum dögum
- margir bændur fara mjög sjaldan í frí og aldrei í nokkrar vikur í röð
- bændur þurfa oft að bjarga sér einir og þurfa því að kunna helst “allt”
- engir tveir vinnudagar eru eins
- margt getur komið upp á, sérstaklega á veturna
- þetta er erfitt líf, en líka mjög gefandi

Að vera íslenskur bóndi er allt öðruvísi en að vera í einhverri “venjulegri vinnu”. Ólíkt öðrum löndum byggir búskapurinn hjá meira en 95% bænda á búfé. Dýrum þarf að sjálfsögðu að sinna allt árið, einnig um helgar eða um jólin. Það er ekki einhver vinnuveitandi og yfirmaður sem ræður vinnutímanum heldur skepnurnar, veðrið og alls kyns ófyrirsjáanlegar upptakur. Bændur geta aldrei sagt: “Þetta er ekki mitt starfssvið” eða “þetta stendur ekki í starfslýsingunni minni” eða jafnvel “ég nenni þessu ekki”. Með því myndi búskapurinn lenda í ógöngum – og dýrin þeirra ásamt þeim sjálfum myndu sitja í súpunni.

Það er oft erfitt. En á hinn bóginn eru bændur sínir eigin herra og innan rammans sem var nefndur fyrir ofan ráða þeir sjálfir hvenær og hvernig þeir gera hlutina. Sérstaklega er það mjög gefandi hverjum bónda að lifa lífi í nánnum tengslum við dýrin sín (sem eru í mörgum tilfellum vinir manns) og við náttúruna. Það er skemmtilegt að læra stöðugt af lífinu sjálfu og það er gaman ef það tekst að leysa flókin verkefni á farsælan hátt. Ekki síst er gaman að börnin geti verið með foreldrunum sínum í vinnunni og tekið virkan þátt frá unga aldri – sem er yfirleitt ekki hægt á öðrum vinnustöðum.

Margir bændur eru allt í senn:

góði hirðirinn
dýralæknir
læknir
vélvirki
gröfumaður
kokkur
bakari
ljósmóðir
verkfræðingur
smiður
járnsmiður
veðurfræðingur
líffræðingur
jarðfræðingur
sagnfræðingur
kaupmaður
tamningamaður
björgunarsveit
og margt fleira –
ekki síst heimspekingur!

Ítarefni

- þættir “Sveitalífið” á sjónvarpsstöðinni N4 (sem hætti 2023 en þættirnir eru enn allir aðgengilegir): n4.is -> Sveitalífið:
 - Kúskerpi (kúabú)
 - Garðshorn (hrossaræktunarbú)
 - Krossar (sauðfjárbú)
 - Starrastaðir (ylrækt)
- skemmtileg stutt heimildarmynd frá því um 1990 – sveitastrákur og ferfættu vinir hans (ath – í dag myndi hann nota hjálm á hestbaki): youtube.com/watch?v=Iv6JMteO_wI

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvaða starf eða tæki eða aðferð kom ykkur mest á óvart?
- Hvaða hæfileika þarf góður bóndi helst að vera með til að geta bjargað sér?
- Þið munið eftir Hlyni Jónssyni á Þrasastöðum, sem fer daglega í skólann á Hofsós. Berið saman skólaleiðina ykkar og hans – varðandi farartæki, vegalengd og tímalengd.
- Í sveitinni: Vantar eitthvað í myndbandinu sem er algeng vinna heima hjá ykkur?
- Í þéttbýli: Ef þú værir sonur eða dóttir bændanna í myndbandinu, hvaða vinna þætti þér skemmtilegust? Af hverju?

Ert þú með athugasemdir eða spurningar til okkar? Hafðu samband:
forvitni@forvitni.net